

## Stjórnarfundur 6. Apríl 2022

Teams

### Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurður Ingi Jónsson
- Mörður Áslaugarsson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson
- Sigurveig Helga Jónsdóttir
- Bjarki Þór Kjartansson
- Hálfván Ragnar Guðmundsson

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir, mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ og einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

### Dagskrá fundarins:

1. Lyklaaðgangur að félagshúsi
2. Ábyrgðarsvið hlutverka innan stjórnar
3. Nýjir búningar félagsins
4. Gamall búnaður félagsins
5. Fastir liðir
  - a. D-Leyfis umsóknir
  - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
  - c. Endurbætur á húsnæði
6. Önnur mál

### 1) Lyklaaðgangur að félagshúsi

Meðlimir félagsins eru margir og eru mjög margir með lyklavöld að húsnæðinu. Stjórn er sammála um að það þarf að yfirfara það hverjir eru með lykil og setja verklagsreglur um hverjir geta fengið lykil að aðstöðunni sem eru þá sýnilegar öllum og skýrt hvað þarf til.

Stjórn er sammála um að í nýrri aðstöðu félagsins eftir framkvæmdir þurfi að veita aðgang að nýju og verði það gert eftir verklagsreglum sem verða tilbúnar fyrir þann tíma.

Einnig er stjórn sammála um að skoða þurfi einnig hverjir eru með skápa á leigu þar sem félagsmenn sem eru að keppa fyrir hönd félagsins eru að bíða eftir skápum á meðan keppendur annarra félaga eru að leigja skáp frá félaginu.

### 2) Ábyrgðarsvið hlutverka innan stjórnar

Upp kom sú hugmynd að fjölga hlutverkum sem stjórnarmenn og/eða félagsmenn sinna í þágu félagsins ásamt því að útbúa greinagóðar lýsingar fyrir þau.

Stjórn lagði til eftirfarandi hlutverk sem stjórn mun skerpa á hlutverkum og útnefna í, innan eða utan stjórnar:

- Ábyrgðarmaður Mótahalds
- Ábyrgðarmaður Miðla

### 3) Nýjir búningar félagsins

Stjórn hefur verið í samskiptum við Margt Smátt um nýja gerð bola fyrir félagið, ásamt renndum jakka og buxum sem merkt verður fyrir félagið. Buxur og peysa frá Puma og bolir frá Teejays.

Stjórn ákvað á fundinum að gera pöntun á fatnaði til þess að eiga á lager, og að spyrja þá hjá Margt Smátt hvort hægt sé að gera einhvern samning um fastann kostnað á að láta merkja búnað með nafni.

Einnig kom upp spurning um hvort við ættum að panta nýja boli fyrir skotstjórana fyrir næsta tímabil. Stjórnin ætlar að athuga málið.

#### 4) Gamall búnaður félagsins

Erindi hafa borist stjórn í sambandi við búnað sem við erum hætt að nota og búnað sem við stefnum á að skipta út í framkvæmdunum sem verða hjá okkur í sumar.

Skotíþróttafélagið Skyttur hefur sýnt því áhuga á að fá hjá okkur bæði gamla búnaðinn úr púðursalnum ásamt búnað í loftsalnum sem við munum skipta út í sumar.

Einnig hefur komið fyrirspurn frá aðila sem á kerfi sem brautirnar í loftsalnum ganga við um hluta af gildrunum úr loftsalnum.

Stjórnin sér ekki neitt því til fyrirstöðu og ætlar að leggja í vinnu við að finna lendingu með þessum aðilum sem hentar öllum.

#### 5) Fastir Liðir

- a) Engar óskir eru virkar um D-Leyfi.
- b) Engin mál félagsmanna liggja fyrir hjá STÍ.
- c) Húsnæðismál:

Enn er stefnt á það að framkvæmdir gangi hefjist í júní og ljúki í ágúst, og fer verkið aftur í útboð á næstu dögum.

Vinna er hafin við að finna það sem þarf til þess að smíða nýja gildru sem verður nýtt í nýrri aðstöðu félagsins, en það fer af stað þegar rétt efni finnst á eðlilegu verði. Þegar það verður farið í að skipta gildrunni út þurfum við að setja af stað vinnudag og fá aðstoð allra sem geta þar sem mörg tonn af blýi geta verið í gildrunni.

Nýju gildrurnar fara upp í loftsalnum í framkvæmdunum þar sem það þarf að gera breytingar á festingum af núverandi gildrum til þess að hengja þær upp. Nýju gildrurnar eru einnig aðeins dýpri svo það þarf að gera ráð fyrir því í framkvæmdunum.

## 6) Önnur mál

Veiðiprófsferlar Umhverfisstofnunar. Þetta hefur verið að fara í gegnum aðila innan félagsins í svölitinn tíma, en sá aðili mun ekki sjá um þetta lengur. Stjórn félagsins ætlar að setja sig í samband við hann og fá á hreint hvað það er sem þarf að gera og hvort ákveða svo hvort þetta sé eitthvað sem fer í gegnum félagið í framtíðinni eða hvort dómaraþrófa þurfi að setja sig sjálfir í samband við UST.

Stjórn STÍ setti af stað á skotþingi ársins af stað nýja dómara nefnd sem á að viðurkenna dómara fyrir mót sem haldin eru á vegum STÍ og var stjórnin sammála um að við þurfum að kynna það fyrir okkar skotstjórum þegar sú nefnd er fer af stað í að viðurkenna dómara og stefna á að allir sem komi að mótahaldi fyrir félagið séu viðurkenndir.

STÍ hefur verið að nota gamalt logo félagsins á vefnum sínum, ritari stjórnar mun senda á þá nýja logoið okkar og biðja þá um að nota það í framtíðinni.

Komið hefur upp spurning um það hvort það megi skjóta á föst skotmörk í púðursal félagsins. Stjórn ætlar að fara í að athuga hvort það að skjóta á stál skotmörk sé eitthvað sem getur passað inn í starfsleyfi félagsins og hvort það gæti talist hættulegt að gera það í aðstöðunni okkar.